



Nefndasvið Alþingis
Austurstæti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2024

Varðar: Umsögn um þingskjal 1032 frá menningar- og viðskiptaráðherra, 690. mál á 154. Löggjafarþingi

Vísað er til þingskjals 1032 frá menningar- og viðskiptaráðherra, 690. máls á 154. Löggjafarþingi. Óskað var eftir umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna þess og er umsagnarbeiðni nr. 12333 frá atvinnuvegnanefnd.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) er meðmælt framlagðri breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (rekstrarleyfisskyld gististarfsemi). Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins verður með þessari breytingu hægt að sinna eldvarnaeftirliti í samræmi við raunverulega notkun húsnæðisins. Breytingin mun enn fremur stuðla að uppfærðum aðaluppdráttum og þar með eldvörnum þegar nota á hús undir rekstrarleyfisskylda gististarfsemi.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er tilbúið til þess að koma að nánari úrvinnslu eða útfærslu ef þörf er á.

Virðingarfyllst,

Aldís Rún Lárusdóttir,
sviðsstjóri forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins